

EFTIRLITSSKÝRSLA

N-lax ehf. Laxamýri 641 Húsavík



Dags eftirlits	6.11.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	María Svavarsdóttir
Fyrirtæki	N-lax ehf.	Eftirlitsmaður	María Svavarsdóttir
Heimili	Laxamýri, Húsavík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	551009-1220	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jón H. Björnsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram í eftirliti: 1) Útreikningar á losun á fosfórs kg/tonn framleidds fisks er yfir mörkum starfsleyfis. 2) Niðurstöðum sýnatöku úr frárennsli hefur ekki verið skilað vegna rekstrarársins 2024. 3) Niðurstöðum mælinga á frárennsli þar sem mæla skal magn heildar fosfórs (P-total) og heildar köfnunarefnis (N-total) við hámarksfóðrun hefur ekki verið skilað vegna rekstrarársins 2024. 4) Niðurstöðum úr sýnatökum hefur að hluta til ekki verið skilað.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða landeldisstöð á Laxamýri, Norðurþingi þar sem alinn er laxfiskur. Nýtt starfsleyfi var gefið út 21. maí 2024 og gildir til 21. maí 2040. Hér er um að ræða fyrsta eftirlit með nýju starfsleyfi.

Boðað umfang eftirlitsins:

- Staðan frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Starfsleyfið og á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð
- Önnur mál

Síðasta eftirlit fór fram 2024 og varðaði fyrra starfsleyfi sem gildi til 2024. Tvö frávik komu fram er varða umhverfismarkmið sem höfðu ekki verið sett fram og að áætlun um meðhöndlun úrgangs var ekki til staðar. Rekstraraðili sendi stofnuninni 30. janúar 2025 fullnægjandi upplýsingar og er frávikum lokað.

Þá voru settar fram fjórar ábendingar er vörðuðu að uppfæra þyrfti neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar, að efnamælingum ætti að skila með gildi köfnunarefnis og fosfórs sem kg/tonn af lífmassaaukningu, að uppfæra þurfi vöktunaráætlun og að huga þurfi betur að lekavörnum í efnageymslu og við olíugeymi varaafstöðvar m.t.t. reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi nr. 884/2017.

Neyðaráætlun og vöktunaráætlun hafa verið uppfærðar en gerðar voru sömu ábendingar í eftirlitinu nú er varða útreikninga á gildi köfnunarefnis og fosfórs sem og lekavörnum við varaafstöð og efnageymslu.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því. Gögnum var skilað inn þann 5. og 24. nóvember 2025 og um það rætt að skila beri fyrir 1. maí ár hvert.

Eftirlitsaðili benti á að efnamælingum á köfnunarefni og fosfór ætti að skila sem kg/tonn lífmassaaukningu og að huga þurfi að lekavörnum í kringum varaafstöð og efnageymslu en þessar ábendingar komu fram í eftirliti árið 2024.

Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

Gr. 3.4 í starfsleyfi.

Losun fosfórs er yfir mörkum starfsleyfis fyrir rekstrarárið 2024.

Gr. 4.3 í starfsleyfi.

Niðurstöðum sýnatöku úr frárennsli vegna losunar hefur ekki verið skilað vegna rekstrarársins 2024.

Gr. 4.3 í starfsleyfi.

Mælingum á frárennsli þar sem mæla skal magn heildar fosfórs (P-total) og heildar köfnunarefnis (N-total) við hámarksfóðrun hefur ekki verið skilað vegna rekstrarársins 2024.

Gr. 4.4 í starfsleyfi.

Fullnægjandi ársyfirliti hefur ekki verið skilað.

ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar settar fram, að skila beri tölum um köfnunarefni og fosfórs sem kg/tonn framleidds fisks og að huga þurfi betur að lekavörnum í efnageymslu og við olíugeymi varaafstöðvar m.t.t. reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi nr. 884/2017.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

DRÖG DRÖG DRÖG DRÖG DRÖG

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.